

Sorguc gegn Tyrklandi
Dómur frá 23. júní 2009
Mál nr. 17089/03
10. gr. Tjáningarfrelsi
Ærumeiðingar. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Dogan Sorguc, er fæddur árið 1930 og búsettur í Ístanbul. Hann er prófessor í byggingarverkfræði við Tækniháskóla Ístanbul. Árið 1997 dreifði hann á ráðstefnu grein sinni, þar sem fram kom gagnrýni á ráðningarferli aðstoðarprófessora við háskólann. Þann 12. desember 2001 var kærandi dæmdur til greiðslu skaðabóta til handa aðstoðarprófessor, sem höfðað hafði mál á hendur honum og taldi ummæli í greininni vera ærumeiðandi, þrátt fyrir að nafn hans kæmi þar ekki fram. Áfrýjun kæranda náði ekki fram að ganga fyrir dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun dómstóla um að ummæli hans væru ærumeiðandi, hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hans sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Við mat á því hvort takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, tók dómstóllinn fram að íhlutunin yrði að stafa af knýjandi þjóðfélagslegri nauðsyn. Þrátt fyrir visst svigrúm aðildarríkja til mats á hvort slík nauðsyn væri til staðar, væri dómstóllinn bær til að meta hvort takmörkunin væri í samræmi við 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að greina yrði á milli gildisdóma og fullyrðinga um staðreyndir, en þar sem ekki væri hægt að sanna gildisdóma bryti krafa um slíkt gegn hugsanafrelsi, sem væri mikilvægur hluti tjáningarfrelsisins.

Dómstóllinn taldi ummæli kæranda vera byggð á persónulegri reynslu hans af ráðningarferli innan háskólans og hefði því verið unnt að staðreyna réttmæti fullyrðinga hans. Það hefðu dómstólar hins vegar ekki veitt kæranda færi á að gera. Dómstóllinn tók fram að orðspori ónafngreinds manns hefði í þessu tilviki verið veitt meiri réttarvernd en tjáningarfrelsi kæranda, sem væri stjórnarskrárvarinn réttur hans. Lagði dómstóllinn áherslu á mikilvægi frelsis fræðimanna til að tjá hindranalaust skoðanir sínar og koma á framfæri upplýsingum, m.a. um þær stofnanir sem þeir ynnu við. Var því niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði ekki sýnt fram á að nægileg knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn hefði verið til staðar til að skerða tjáningarfrelsi kæranda, sérstaklega með hliðsjón af því að ummælin virtust ekki hafa skaðað feril eða einkalíf aðstoðarprófessorsins.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að fjárhæð bóta yrði að vera í hlutfalli við þann miska, sem hlytist af ummælunum. Þær bætur, sem kærandi var dæmdur til að greiða, hefðu ekki verið í samræmi við tekjur og aflahæfi fræðimanna almennt séð.

Ríkið hefði því ekki sýnt fram á nægjanlegan og viðeigandi grundvöll fyrir skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda í umrætt sinn, heldur hefði takmörkunin verið úr hófi fram. Var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kæranda 3.500 evrur í miskabætur og 50 evrur í málskostnað.